



HÍÐ ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAEÐIFÉLAG – HÍN
Hamraborg 6a, 200 Kópavogi

Aðalfundur HÍN 2008

Samþykkt ályktun um birkiskóga:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 23. febrúar 2008 í Kópavogi, hvetur umhverfisráðherra, Umhverfisstofnun, Skógrækt ríkisins, sveitarfélög og aðra aðila sem koma að umsýslu birkiskóga til að standa vörð um þau takmörkuðu svæði sem eftir standa í landinu af náttúrulegum birkiskógi. Stærstum hluta ilmbjarkarvistkerfa hefur verið eytt í landinu frá því sem var við landnám, en þrátt fyrir umfangsmikla skógareyðingu fyrr á tímum er enn gengið á birkiskógana, sem er hneisa.

Félagið fagnar nýútkominni skýrslu nefndar á vegum umhverfisráðherra um verndun og endurheimt íslenskra birkiskóga og skorar á umhverfisráðherra og aðra sem um málið fjalla að fylgja eftir þeim tillögum sem nefndin lagði fram. Félagið telur m.a. mikilvægt að fram komi stefnumótandi aðgerðir sem hvetji til verndunar og endurheimt birkiskóga.“

Greinargerð

Birki (*Betula pubescens*) er eina innlenda trjategundin sem myndar skóga og talið er að fyrir landnám hafi birkiskógar verið ríkjandi þurrlandisvistkerfi á láglendi Íslands. Skógarnir hafa verið nýttir frá því búseta var tekin upp í landinu og segja má að sú nýting hafi sjaldnast verið sjálfbær og oftar en ekki verið um rányrkju að ræða. Afleiðing þessa má sjá í svo til skóglausu Íslandi en samkvæmt úttekt Skógræktar ríkisins árið 1990 var þekja birkiskóga og birkikjarrs um 1200 km² eða 1,2% alls Íslands. Vanþekking hefur sjálfsagt verið ein af ástæðum þess að birkiskógum var eytt áður fyrr en með auknu menntunarstigi og velmegun þjóðarinnar ætti að vera sjálfsögð krafa að við hlúum vel að þeim leifum birkiskóga sem víða er að finna um landið og hugum að verndun þessa vistkerfis þar sem kostur er.

Í mars 2007 kom út skýrsla hjá Umhverfisráðuneytinu, *Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga*, og voru í henni niðurstöður nefndar sem umhverfisráðherra skipaði í júní 2006. Með skýrslunni lagði nefndin fram tillögur um stefnu Íslands varðandi birkiskóga. Í skýrslunni kemur fram að birkiskógar séu nú einungis um 5% af því flatarmáli sem áætlað er að skógarnir hafi verið við landnám en einmitt vegna þess hve lítið er eftir af þessu vistkerfi verður það sem enn er til þeim mun mikilvægara. Meðal þeirra þátta sem skýrsluhöfundar telja að ógni birkiskógnum í dag er mannvirkjagerð, ræktun og búfjárbætur.

Það er athyglisvert að á svipuðum tíma og birkiskýrslan kom út eða í byrjun janúar 2007, úrskurðaði þáverandi umhverfisráðherra í kærumáli vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um vegagerð á sunnanverðum Vestfjörðum. Samkvæmt úrskurði ráðherra var leyft að fara með nýjan veg þvert í gegnum Teigsskóg í utanverðum Þorskaafirði. Náttúruverndarsamtök Íslands,

Fuglaverndarfélag Íslands og einstaklingar hafa kært úrskurð fyrrverandi ráðherra og er því málið nú í höndum dómstóla. Í sérfræðingsátliti á vegum umhverfisráðuneytisins kom fram að Teigsskógur er með stærstu og heillegustu birkiskógum á Vestfjörðum. Teigsskógur var jafnframt talinn hafa yfirbragð nær ósnortins lands og ástand hans benti til þess að hann hefði náð sér vel eftir að beit minnkaði á svæðinu. Teigsskógur nær víða milli fjalls og fjöru og myndar því heildstætt landslag ásamt fjöru og fjöllum. Vegna alls þessa þykir það skjóta skökku við að leyfa vegagerð þvert í gegnum skóginn þegar ráðuneytið hefur bent á að leggja ætti áherslu á að koma í veg fyrir rask og eyðingu birkiskóga. Að lokum skal nefnt að Teigsskógur er eitt þeirra skóglenda sem nefndin, sem vann birkiskýrsluna, benti á að væru mikilvæg skóglendi út frá náttúruverndarsjónarmiðum og lagði til að yrði tekin inn í næstu náttúruverndaráætlun (sjá fylgiskjal 1 í birkiskýrslunni, bls. 18).

En sagan sýnir þó að friðlýsing dugar ekki alltaf til að vernda birkiskóga því dæmi er um að friðlýsingu hafi verið breytt þannig að hægt væri að breyta nýtingu skógarins. Húsafellsskógur í Borgarfirði var friðlýstur árið 1974 en þetta er allvíðáttumikill birkiskógur sem hefur verið vinsælt útivistarsvæði. Árið 2001 var friðlýsingunni breytt þannig að hluti skógarins var undanþeginn friðun en friðaða svæðið stækkað upp fyrir skóginn þar sem eru melar. Frekari sumarhúsabyggð var áætluð í skóginum.

Þéttbýlisbúar hafa löngum sóst eftir að koma sér upp sumarbústöðum á landsbyggðinni og hafa birkiskógar og birkikjarr oft á tíðum verið eftirsóttustu svæðin. Vegna þessa er búið að skipta slíkum svæðum víða upp í litla bletti og þá er umhirða skógarins á blettunum háð hverjum sumarbústaðareiganda og getur því verið breytileg innan sama svæðis. Í birkiskýrslunni (bls. 11) er bent á að frístundabyggð geti óbeint stuðlað að verndun birkiskóga vegna beitarfriðunar sem oftast er á slíkum svæðum. Því miður steðjar oft önnur ógn að birkiskógi á slíkum svæðum og er það ræktun innfluttra tegunda sem sumarbústaðaeigendur leggja oft stund á. Auk þess sem þetta raskar birkivistkerfinu er einnig líklegt að ekkert samráð sé á milli samliggjandi bletta þannig að ásýnd landsins verði æði ósamstæð. Mikilvægt er að skipulagsyfirvöld fari í auknum mæli að horfa á þennan þátt ef óskað er eftir sumarbústaðabyggð í birkiskógum eða birkikjarri. Æskilegt væri að koma í veg fyrir sumarbústaðabyggð í birkiskógum en gera að öðrum kosti kröfur um að hlúð verði að birkivistkerfunum og ræktun innfluttra tegunda sem raskar þeim hafnað.

Mikið hefur gengið á vistkerfi birkiskóga og birkikjarrs frá landnámi Íslands. Það er því mikilvægt að allir sem koma að stefnumótun og skipulagsmálum í landinu taki höndum saman og vinni að því að koma í veg fyrir frekara rask og eyðingu þessara fágætu og fallegu vistkerfa. Líklegt er að við frekari friðun búfjárbættar aukist útbreiðsla birkisins en einnig er mögulegt að auka flatarmál þessara vistkerfa enn frekar með endurheimt. Það er þó ferli sem tekur í það minnsta áratugi og slíkt vistkerfi kemur aldrei í stað þess sem er óraskað. Það er því mikilvægt að leggja áherslu á að halda í þau svæði sem enn eru til en jafnframt sjálfsagt að auka útbreiðsluna enn frekar með endurheimt svæða sem henta til þess.

Samrit sent:

Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

Fjórðungssambandi Vestfirðinga

Náttúrufræðistofnun Íslands

Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum

Sambandi Sveitarfélaga á Austurlandi

Samgönguráðherra

Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga

Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

Skipulagsstofnun

Skógrækt ríkisins

Umhverfisnefnd Alþingis

Umhverfisráðherra

Umhverfisstofnun

Vegagerðinni